

151. löggjafarþing 2020–2021.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingum á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008, og lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (fagráð eineltismála)

Frá mennta- og menningarmálaráðherra.

I. KAFLI

Breyting á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 4. mgr. 30. gr. laganna

Orðin „Þar skal m.a. mælt fyrir um starfrækslu fagráðs á vegum ráðuneytisins er verði ráðgefandi í eineltismálum.“ falla brott.

2. gr.

Á eftir 30. gr. laganna kemur ný grein ásamt fyrirsögn, 30. gr. a svohljóðandi:

Fagráð eineltismála

Ráðherra skipar fagráð eineltismála sem starfar á grunn- og framhaldsskólastigi. Fagráð skal skipað þremur aðalmönnum og þremur varamönnum sem hafa þekkingu, menntun og reynslu sem nýtist vegna ráðgjafar og við úrlausn mála. Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun eða öðrum aðilum að annast umsýslu fagráðs eineltismála.

Hlutverk fagráðs eineltismála er:

- a. Að vera stuðningsaðili við skólasamfélagið, sem meðal annars getur falist í almenntri ráðgjöf, leiðbeiningum eða upplýsingagjöf.
- b. Að ná ásættanlegri úrlausn í eineltismálum og gefa út ráðgefandi álit í máli á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem ráðinu berast í tilteknu máli.

Fagráði eineltismála er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal þeirra sem teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga samkvæmt b-lið 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, að því marki að slík vinnsla telst nauðsynleg vegna starfsemi og hlutverks fagráðsins samkvæmt lögum þessum og reglugerðum og reglum settum með stoð í þeim. Um vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Fagráði eineltismála ber að upplýsa málsaðila um fyrirhugaða upplýsingaöflun samkvæmt ákvæði þessu í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, sbr. 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679.

Um aðgang að gögnum hjá fagráði eineltismála fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og upplýsingalaga, nr. 140/2012. Fagráð eineltismála getur þó með rökstuddri ákvörðun takmarkað aðgang aðila að tilteknum gögnum ef það telur þau geta skaðað hagsmuni

barns eða samband þess við aðra. Fagráð getur einnig úrskurðað að aðilar og lögmenn þeirra geti kynnt sér skjöl og önnur gögn án þess að þau eða ljósrit af þeim séu afhent.

Mennta- og menningarmálaráðherra setur reglur um starfsemi fagráðs eineltimála. Þar skal meðal annars fjallað um hlutverk fagráðs, starfshætti, hvernig málum er vísað til fagráðs, meðferð upplýsinga og gagna, skipunartíma og þóknun. Haft skal samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um þann hluta sem snýr að grunnskólum.

I. KAFLI

Breyting á lögum um framhaldsskólaskóla, nr. 92/2008, ásamt síðari breytingum.

3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 6. mgr. 33. gr. b laganna

Orðin „Þar skal m.a. mælt fyrir um starfrækslu fagráðs á vegum ráðuneytisins er verði ráðgefandi í eineltismálum.“ falla brott.

4. gr.

Á eftir 33. gr b. laganna kemur ný grein ásamt fyrirsögn, 33. gr. c svohljóðandi:

Fagráð eineltismála

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar fagráð eineltismála sem starfar á grunn- og framhaldsskólastigi. Fagráð skal skipað þremur aðalmönnum og þremur varamönnum sem hafa þekkingu, menntun og reynslu sem nýtist vegna ráðgjafar og við úrlausn mála. Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun eða öðrum aðilum að annast umsýslu fagráðs eineltimála.

Hlutverk fagráðs eineltismála er:

- c. Að vera stuðningsaðili við skólasamfélagið, sem meðal annars getur falist í almennri ráðgjöf, leiðbeiningum eða upplýsingagjöf.
- d. Að ná ásættanlegri úrlausn í eineltismálum og gefa út ráðgefandi álit í máli á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem ráðinu berast í tilteknu máli.

Fagráði eineltismála er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal þeirra sem teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga samkvæmt b-lið 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, að því marki að slík vinnsla telst nauðsynleg vegna starfsemi og hlutverks fagráðsins samkvæmt lögum þessum og reglugerðum og reglum settum með stoð í þeim. Um vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Fagráði eineltismála ber að upplýsa málsaðila um fyrirhugaða upplýsingaöflun samkvæmt ákvæði þessu í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, sbr. 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679.

Um aðgang að gögnum hjá fagráði eineltismála fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og upplýsingalaga, nr. 140/2012. Fagráð eineltismála getur þó með rökstuddri ákvörðun takmarkað aðgang aðila að tilteknum gögnum ef það telur þau geta skaðað hagsmuni barns eða samband þess við aðra. Fagráð getur einnig úrskurðað að aðilar og lögmenn þeirra geti kynnt sér skjöl og önnur gögn án þess að þau eða ljósrit af þeim séu afhent.

Mennta- og menningarmálaráðherra setur reglur um starfsemi fagráðs eineltimála. Þar skal meðal annars fjallað um hlutverk fagráðs, starfshætti, hvernig málum er vísað til fagráðs, meðferð upplýsinga og gagna, skipunartíma og þóknun.

5. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Fagráð eineltismála fyrir bæði skólastig var komið á fót með sambærilegum hætti. Í lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 og lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008, má finna reglugerðarheimild þar sem mælt er fyrir um að ráðherra skuli kveða á um fagráð á vegum ráðuneytisins sem er ráðgefandi í eineltismálum. Í báðum tilvikum hafa reglugerðir verið settar þar sem kveðið er á um að foreldrar eða skólar geta óskað eftir aðstoð fagráðs sem starfar á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis ef ekki tekst að finna viðunandi lausn innan skóla eða sveitarfélags, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og aðkomu sérfræðipjónustu. Ráðuneytið gefur út verklagsreglur um vísun mála til fagráðsins, málsmeðferð og eftirfylgni að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Verklagsreglur um hafa verið settar.

Fagráð eineltismála í grunn- og framhaldsskólum starfar hjá Menntamálastofnun og hefur það hlutverk að veita skólasamfélaginu stuðning vegna eineltismála með almennri ráðgjöf, leiðbeiningum og upplýsingagjöf. Þá er hægt að vísa eineltismálum til fagráðsins ef ekki tekst að finna fullnægjandi lausn á eineltismálum innan skóla eða sveitarfélags eða vegna meints aðgerðaleyysis sömu aðila. Skal þá fagráðið veita ráðgefandi álit á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem því berast.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að styrkja lagastoð fagráðsins, kveða á um heimild ráðherra til að fela Menntamálastofnun eða öðrum aðila til að sinna verkefninu, tryggja heimild til að vinna með persónuupplýsingar og að kveða á um afhendingu gagna en þar er mætl fyrir um undanþáguheimild frá stjórnsýslu- og upplýsingalögum í samræmi við barnaverndarlög. Í því semhengi var hafður í huga ungur aldur nemenda og viðkvæm staða þeirra.

2. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

Eins og fjallað var um í kafla 1 er fagráði eineltismála í grunn- og framhaldsskóla skipað á grundvelli 4. mgr. 30. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, 6. mgr. 33. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011 og sambærilegri reglugerð fyrir framhaldsskóla nr. 326/2016. Í ráðinu sitja 3 aðalmenn og sami fjöldi til vara.

Fagráðið starfar eftir verklagsreglum frá því í janúar 2019 sem birt voru í Stjórnaratíðindum.

Umsýsla með fagráðinu er hjá Menntamálastofnun. Hlutverk fagráðs er samkvæmt verklagsreglum, að veita skólasamfélaginu stuðning vegna eineltismála með almennri ráðgjöf, leiðbeiningum og upplýsingagjöf. Hægt er að vísa eineltismálum til fagráðsins ef ekki tekst að finna fullnægjandi lausn innan skóla eða sveitarfélags. Í þeim tilvikum þá ber fagráðinu að veita ráðgefandi álit á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem því berast. Þeir sem geta

tekið mál upp við fagráið eru nemendur, foreldrar og forráðamenn og starfsfólk grunn- og framhaldsskóla. Einnig aðilar sem starfa með börnum í skóla-, frístunda- eða tómstundastarfi, sem hefur stöð í grunnskólalögum.

Á árunum 2012-19 var 28 málum vísað til fagráðs eineltismála og lauk 20 af þeim með ráðgefandi álitum en 5 málum var vísað annað. Við vinnslu mála hjá fagráði eineltismála berast oft á tíðum viðkvæmar persónuupplýsingar, t.d. gögn úr barnaverndarmálum en barnavernd hefur mjög víðtækar heimildir til að afla gagna á grundvelli barnaverndarlaga, m.a. frá heilbrigðisstarfsmönnum. Í þeim lögum er einnig að sérstaka heimild um að barnavernd geti takmarkað aðgang að gögnum ef hún telur að það geti skaðað hagsmuni barns og samband þess við foreldra eða aðra. Því er oft um að ræða upplýsingar sem njóta talsverðar umfram verndar samkvæmt barnaverndarlögum en þau mundu njóta á grundvelli stjórnsýslu- og upplýsingalaga.

Fundað var með fulltrúum Menntamálastofnunar í október sl. Að mati stofnunarinnar er sérstaklega mikilvægt að horfa til þeirrar þróunar sem orðið hefur á starfi fagráðsins, sem segja má að sé að sumu leyti önnur en gert var ráð fyrir þegar Menntamálastofnun tók til starfa. Málin eru oft og tíðum þung og erfið einstaklingsmál, sem fylgja viðkvæm gögn, sem varða stundum barnaverndarlög og -nefndir og við könnun mála hefur stundum komið í ljós að vandinn er ekki beint einelti heldur félagslegur vandi sem tengist heimilisaðstæðum málsaðila.

Í ljósi þróunar sem orðið hefur á störfum fagráðsins er mat mennta- og menningarmálaráðuneyti að þörf sé á að styrkja lagastöð fagráðsins en jafnvel þó fagráðið taki ekki stjórnvaldsákvæðanir í skilningi stjórnsýslulaga með ráðgefandi álitum sínum þá fer fagráðið með viðkvæmar persónuupplýsingar m.a. í skilningi laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga vegna hlutverks síns. Ráðuneytið hefur í svörum sínum svið stjórnsýsluerindum talið ríka skyldu hvíla á foreldrum meintra gerenda til að taka þátt í meðferð mála sem fagráðið hefur til meðferðar með vísan til 19. gr. laga um grunnskóla og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins sem kveður á um að foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna og þannig bera foreldrar einnig ásamt börnum sínum ábyrgð á hegðun þeirra og framkomu gagnvart samnemendum og starfsfólki skóla og eiga að bregðast við afleiðingum hegðunar barna sinna í skóla.

3. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpinu eru lagðar til sömu breytingar á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, og lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008.

Lagt er til að fella orðalagið „Þar skal m.a. mælt fyrir um starfrækslu fagráðs á vegum ráðuneytisins er verði ráðgefandi í eineltismálum.“ á brott úr ákvæðum laganna og þess í stað að kveða á um fagrád eineltismála með sérstakri lagagrein.

Í 1. mgr. greinarinnar verður fjallað um skipun fagráðsins og heimild fyrir ráðherra til að fela Menntamálastofnun eða öðrum aðilum að annast umsýslu fagráðsins.

Í 2. mgr. er kveðið á um hlutverk fagráðsins í tveimur tölulíðum sem eru sambærilegir þeim sem í dag eru í verklagsreglum fagráðsins.

Með 3. mgr. er fengin heimild fyrir fagráðið til að vinna með persónuupplýsingar, þar á meðal viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi b-liðar 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Kveðið er sérstaklega á um að fagráðinu beri að upplýsa málaðila um fyrirhugaða upplýsingaöflun í samræmi við 2. mgr. 17. gr. sömu laga.

Í 4. mgr. er fjallað um aðgang að gögnum. Að meginstefnu gilda ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og upplýsingalaga, nr. 140/2012. Fagráðinu verður þó heimilt að takmarka

aðgang aðila að tilteknum gögnum ef það telur þau geta skaðað hagsmuni barns eða samband þess við aðra. Fagráð getur einnig úrskurðað að aðilar og lögmenn þeirra geti kynnt sér skjöl og önnur gögn án þess að þau eða ljósrít af þeim séu afhent. Ákvæðið er til samræmis við ákvæði barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

Þá verður áfram mælt fyrir um starfsemi fagráðsins með reglum en fyrirmynd þessa ákvæðis eru núgildandi verklagsreglur.

Gert er ráð fyrir að lögini taki þegar gildi.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Ísland hefur leitt ESB reglugerð 2016/679 í íslenskan rétt með lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 í samræmi við skyldu. Með frumvarpi þessu eru því lagðar til breytingar sem hafa það meðal annars að markmiði að tryggja heimild fagráðs eineltismála til að vinna með persónuupplýsingar til samræmis við kröfur laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, einkum með tilliti til kröfu um skýrleika lagaákvæða sem heimila eða fela í sér vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Mikilvægt er að tryggja lagastoð fyrir vinnslu persónuupplýsinga á þessu sviði og öðrum sé skýr og grundvallist á lagaheimild. Ákvæði frumvarpsins eiga ekki að ganga gegn stjórnarskrá lýðveldisins Íslands eða alþjóðlegum skuldbindingum enda einungis verið að tryggja að ákvæðin gangi ekki gegn lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

5. Samráð.

Frumvarpið er samið í mennta- og menningarmálaráðuneyti. Ráðuneytið birti áform um lagasetningu og mat á áhrifum á samráðsgátt, dags. 4. febrúar. Voru þau þar til umsagnar í 14 daga. Alls bárust fjórar umsagnir og var unnið með þær við samningu þessa frumvarps. Þá var kallað eftir afstöðu Menntamálastofnunar og var hún höfð til hliðsjónar.

Frumvarpið er nú til umsagnar á samráðsgátt í tvær vikur.

6. Mat á áhrifum.

Frumvarpið felur ekki í sér breytingar á þjónustu við einstaklingana sem eiga í hlut eða aukið umfang stofnana. Eingöngu er verið að styrkja þann lagagrundvöll sem fyrir er svo að fagráð eineltismála geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu auk þess er verið að tryggja betur réttindi einstaklinga vegna vinnslu persónuupplýsinga þannig að hún samrýmist persónuverndarlöggjöfinni. Frumvarpið ætti því ekki að hafa áhrif á hagsmuni almennings að öðru leyti eða hagsmunaaðila.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir því að frumvarpið muni hafa í för með sér frekari fjárhagsáhrif en það frumvarp sem varð að lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 ætti enginn viðbótarkostnaður að falla á þá opinberu aðila sem frumvarpið snertir umfram það sem varð með gildistöku framangreindra laga. Verði frumvarpið að lögum er ekki gert ráð fyrir að lögfesting þess hafi fjárhagsáhrif á ríkissjóð eða sveitarfélögin.

Talið er að frumvarpið komi til með að hafa jákvæð áhrif á jafnrétti eða stöðu kynjanna.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til stendur að setja nýja grein í lög um grunnskóla, nr. 91/2008, sem þá verður 30. gr. a sem kveður á um að fagráð eineltismála skuli skipað. Með greininni er fjallað um skipun þess, hlutverk, heimild til vinnslu persónuupplýsinga og afhendingu gagna. Með vísan til þess að

framvegis verður kveðið á um þetta í lögum er ekki talin ástæða til mæla áfram fyrir um skyldu til að mæla fyrir um starfrækslu fagráðsins með reglugerð. Þess í stað kemur fram skylda ráðuneytisins til að setja reglur um nánar tiltekin atriði en þar eru verklagsreglur fagráðs fyrirmynd.

Um 1. gr.

Með 1. mgr. er kveðið á um skipan fagráðs eineltismála. Skipan þess er til samræmis við það ákvæði sem finna má í verklagsreglum um ráðið í dag. Samkvæmt ákvæðinu mun ráðherra skipa þrjá aðalmenn og þrjá varamenn sem hafa þekkingu, menntun og reynslu sem nýtist vegna ráðgjafar og úrlausn mála en ákvæðið er sett fram með þessum hætti með vísan til tvíþætts hlutverks fagráðsins.

Hlutverk fagráðsins er skilgreint með 2. mgr. Um er að ræða sömu framsetningu og má finna í núgildandi verklagsreglum um fagráðið.

Samkvæmt a-lið skal fagráðið vera stuðningsaðili við skólasamfélagið, sem meðal annars getur falist í almennt ráðgjöf, leiðbeiningum og upplýsingagjöf.

Samkvæmt b-lið málsgreinarinnar er hlutverk fagráðsins að ná ásættanlegri úrlausn í eineltismálum og gefa út ráðgefandi álit í máli á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem ráðinu berast í tilteknu máli. Af þessum lið leiðir að álit fagráðsins eru ráðgefandi og því ekki bindandi. Álitin eru endanleg og ekki er um stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Af því leiðir að ekki er um kæránlega ákvörðun til æðra stjórnvalds að ræða.

Hvað varðar málsmeðferðarreglur er þó mat ráðuneytisins að jafnvel þó fagráðið taki ekki stjórnvaldsákvörðun með álitum sínum þá ber því að fylgja reglum stjórnsýsluréttarins enda eru stjórnsýslulög byggð á óskræðum meginreglum sem hafa víðtækara gildissvið en stjórnsýslulögin. Þannig gilda t.d. jafnræðisreglan og reglan um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda í störfum fagráðsins.

Það verður þó ekki loku fyrir það skotið að fagráðið taki stjórnvaldsákvæðanir í einhverjum tilvikum, eins og til dæmis þegar fram kemur beiðni um afhendingu. Þá gilda eðli málsins samkvæmt ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993 og eru slíkar ákvæðanir kæránlegar til æðra stjórnvalds eftir því sem við á hverju sinni.

Þrátt fyrir að álit fagráðsins séu ekki kæránleg til mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur það atvikast í einhver skipti að mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur fengið sent erindi frá fagráði eineltismála sem greinir frá því að aðkomu þess sé lokið en fullnægjandi árangur hafi ekki náðst. Í slíkum tilvikum skoðar mennta- og menningarmálaráðuneyti þau mál sem um ræðir á grundvelli eftirlitsskyldu ráðuneytisins, sbr. 4. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008.

Með 3. mgr. er mælt fyrir um að fagráði eineltismála verði heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal viðkvæmra persónuupplýsinga þar á meðal upplýsingar um líkamlegt og andlegt heilbrigði einstaklings. Skilyrði þess að ráðið hafi heimilt til að vinna með slíkar upplýsingar er að vinnslan sé nauðsynleg vegna starfsemi og hlutverks fagráðsins. Um vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Fagráði eineltismála ber að upplýsa mál aðila um fyrirhugaða upplýsingaöflun samkvæmt ákvæði þessu í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, sbr. 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679.

Í 4. mgr. Er að finna ákvæði um afhendingu gagna. Meginreglan er að um afhendingu slíkra gagna fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga og upplýsingalaga. Með ákvæðinu er þó mælt fyrir um sérstakri takmörkun á rétti til aðgangs að gögnum með vísan til hagsmuna barnsins. Fyrirmynd þessa ákvæðis er fengin úr barnaverndarlögum, nr. 80/2002. Á sama hátt getur fagráðið ákveðið að aðilar og lögmenn þeirra geti kynnt sér skjöl og önnur gögn án þess að þau eða ljósrit af þeim séu afhent. Hér byggt á að einkahagsmunir barnsins skulu vega þyngra en hagsmunir annarra að fá aðgang að gögnunum.

Með 5. gr. Er kveðið á um heimild ráðherra til að kveða á um ýmis atriði með reglum. Fyrirmynd ákvæðisins eru núgildandi verklagsreglur um fagråd eineltismála.

Um 3. gr.

Til stendur að setja nýja grein í lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008, sem þá verður 33 gr. c sem kveður á um að fagråd eineltismála skuli skipað. Með greininni er fjallað um skipun þess, hlutverk, heimild til vinnslu persónuupplýsinga og afhendingu gagna. Með vísan til þess að framvegis verður kveðið á um þetta í lögum er ekki talin ástæða til mæla áfram fyrir um skyldu til að mæla fyrir um starfrækslu fagráðsins með reglugerð. Þess í stað kemur fram skylda ráðuneytisins til að setja reglur um nánar tiltekin atriði en þar eru verklagsreglur fagráðs fyrirmynd.

Um 4. gr.

Með 1. mgr. er kveðið á um skipan fagráðs eineltismála. Skipan þess er til samræmis við það ákvæði sem finna má í verklagsreglum um ráðið í dag. Samkvæmt ákvæðinu mun ráðherra skipa þrjá aðalmenn og þrjá varamenn sem hafa þekkingu, menntun og reynslu sem nýtist vegna ráðgjafar og úrlausn mála en ákvæðið er sett fram með þessum hætti með vísan til tvíþætts hlutverks fagráðsins.

Hlutverk fagráðsins er skilgreint með 2. mgr. Um er að ræða sömu framsetningu og má finna í núgildandi verklagsreglum um fagráðið.

Samkvæmt a-lið skal fagráðið vera stuðningsaðili við skólasamfélagið, sem meðal annars getur falist í almennti ráðgjöf, leiðbeiningum og upplýsingagjöf.

Samkvæmt b-lið málsgreinarinnar er hlutverk fagráðsins að ná ásættanlegri úrlausn í eineltismálum og gefa út ráðgefandi álit í máli á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem ráðinu berast í tilteknu máli. Af þessum lið leiðir að álit fagráðsins eru ráðgefandi og því ekki bindandi. Álitin eru endanleg og ekki er um stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Af því leiðir að ekki er um kæránlega ákvörðun til æðra stjórnvalds að ræða.

Hvað varðar málsmeðferðarreglur er þó mat ráðuneytisins að jafnvel þó fagráðið taki ekki stjórnvaldsákvörðun með álitum sínum þá ber því að fylgja reglum stjórnsýsluréttarins enda eru stjórnsýslulög byggð á óskráðum meginreglum sem hafa víðtækara gildissvið en stjórnsýslulögin. Þannig gilda t.d. jafnræðisreglan og reglan um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda í störfum fagráðsins.

Það verður þó ekki loku fyrir það skotið að fagráðið taki stjórnvaldsákvæðanir í einhverjum tilvikum, eins og til dæmis þegar fram kemur beiðni um afhendingu. Þá gilda eðli málsins samkvæmt ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993 og eru slíkar ákvæðanir kæránlegar til æðra stjórnvalds eftir því sem við á hverju sinni.

Með 3. mgr. er mælt fyrir um að fagráði eineltismála verði heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal viðkvæmra persónuupplýsinga þar á meðal upplýsingar um líkamlegt og andlegt heilbrigði einstaklings. Skilyrði þess að ráðið hafi heimilt til að vinna

með slíkar upplýsingar er að vinnslan sé nauðsynleg vegna starfsemi og hlutverks fagráðsins. Um vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Fagráði eineltismála ber að upplýsa málsaðila um fyrirhugaða upplýsingaöflun samkvæmt ákvæði þessu í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, sbr. 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679.

Í 4. mgr. Er að finna ákvæði um afhendingu gagna. Meginreglan er að um afhendingu slíkra gagna fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga og upplýsingalaga. Með ákvæðinu er þó mælt fyrir um sérstakri takmörkun á rétti til aðgangs að gögnum með vísan til hagsmuna barnsins. Fyrirmynd þessa ákvæðis er fengin úr barnaverndarlögum, nr. 80/2002. Á sama hátt getur fagráðið ákveðið að aðilar og lögmenn þeirra geti kynnt sér skjöl og önnur gögn án þess að þau eða ljósrít af þeim séu afhent. Hér byggt á að einkahagsmunir barnsins skulu vega þyngra en hagsmunir annarra að fá aðgang að gögnunum.

Með 5. gr. Er kveðið á um heimild ráðherra til að kveða á um ýmis atriði með reglum. Fyrirmynd ákvæðisins eru núgildandi verklagsreglur um fagráð eineltismála.

Um 5. gr.

Kveðið er á um að lögin taki þegar gildi.